

**55. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn í fjarfundi 3. september 2020 og hófst hann kl. 11:00.**

**Fundinn sátu:**

Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ), Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Lilja Magnúsdóttir (LM), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Rebekka Hilmarsdóttir (RH) og Ólafur Þór Ólafsson.

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps

**Dagskrá:**

**1. Skólavist á milli sveitarfélaga - samkomulag - 2009026**

*Lögð voru fram drög dags. 20.08.2020 að samkomulagi milli Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um skólavist barna utan lögheimilissveitarfélags.*

*Afgreiðsla:*

*RH og ÓÞÓ falið að uppfæra drögin í samræmi við umræður á fundinum, undirrita þau og leggja fyrir sveitarstjórnirnar til staðfestingar.*

**2. Samgöngumál á sunnanverðum Vestfjörðum - 2009027**

*Minnisblað lagt fram frá samtalsfundi oddvita sveitarstjórnanna og bæjarstjóra og sveitarstjóra um jarðgöng og samgöngur sem fór fram 28.08.2020.*

*Afgreiðsla:*

*Samráðsnefndin telur að sveitarfélögin tvö eigi sameinast um þau áhersluatriði sem koma fram í minnisblaðinu og næstu skref verði í samræmi við það sem þar kemur fram.*

*RH og ÓÞÓ falið að vinna drög að sameiginlegri ályktun sveitarfélaganna vegna uppbyggingu samgöngumannvirkja og jarðgangna á sunnanverðum Vestfjörðum og leggja fyrir fundi sveitarstjórnanna í september.*

**3. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti - ársreikningur 2019 - 2009028**

*Drög að óendurskoðuðum ársreikningi ársins 2019 var lagður fram.*

*Afgreiðsla:*

*Ákveðið að næsti fundur samráðsnefndarinnar verði tileinkaður málefnum minjasafnsins og að sá fundur fari fram í september.*

**4. Starfshættir samráðsnefndar - 2009029**

*Rætt var um starfshætti samráðsnefndar svo sem fundartíma og þau verkefni sem nefndin fjallar um.*

*Afgreiðsla:*

*RH og ÓÞÓ falið að vinna tillögu að erindisbréfi samráðsnefndar sem verði lögð fram á*

*fundi nefndarinnar í október ásamt tillögu að starfsáæltun nefndarinnar veturinn  
2020-2021.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.11:55.**

---

Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ)

---

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ)

---

Ásgeir Sveinsson (ÁS)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---